

Dreifibréf BSRB

Nr. 5 - 2. árg.

Maí 2006

Landsframleiðsla og hagvöxtur

Einn helsti mælikvarði á umfang hagkerfisins er svokölluð landsframleiðsla. Landsframleiðslan er mæld í þjóðhagsreikningum og er vöxtur hennar milli ára nefndur hagvöxtur. Aukning landsframleiðslunnar milli ára merkir að umfang hagkerfisins í heild fer vaxandi, þ.e. meira er framleitt innan landsins en árinu áður. Ef kafað er dýpra ofan í þjóðhagsreikninga og skoðað hvað stendur á bak við landsframleiðsluna má skipta henni niður í nokkra þætti.

Einkaneysla er einn stærsti þáttur landsframleiðslunnar og mælir kaup heimila á vörum og þjónustu yfir árið. Allar vörur og þjónusta sem heimilin greiða fyrir kemur því fram í einkaneyslu að undanskildu íbúðarhúsnæði. Aukning einkaneyslu getur til að mynda verið vegna kaupa á bifreið, mat, húsaleigu, klippingu ofl.

Samneysla eru útgjöld hins opinbera til kaupa á vörum og þjónustu til eigin nota og mælir rekstrarumfang hins opinbera. Hér er meðal annars átt við starfsemi og rekstur opinberrar stjórnsýslu, löggæslu, heilbrigðisþjónustu o.fl.

Fjármunamyndun segir til um eignfærð útgjöld fyrirtækja og opinberra aðila. Hér er um að ræða fjárfestingu sem hægt er að nota um langan tíma. Bygging húsnæðis og kaup á nýjum vélum og tækjum falla undir þennan flokk auk fjárfestinga heimila í íbúðarhúsnæði.


Birgðabreyting hefur samskonar áhrif og fjármunamyndun í þjóðhagsreikningum. Þegar gengið er á birgðir er verið að nota verðmæti sem framleidd voru áður en þegar birgðir aukast hefur það jákvæð áhrif á landsframleiðsluna.

Samtala þessara fjögurra liða nefnist einu nafni **þjóðarútgjöld**. Til þjóðarútgjalda telst eingöngu endanleg ráðstöfun vöru og þjónustu innanlands og eru fjármagnsviðskipti og aðföng fyrirtækja því undanskilin. Þegar útflutningi hefur verið bætt við og innflutningur dreginn frá stendur eftir verg landsframleiðsla.

Verg landsframleiðsla er því markaðsvirði allrar vöru og þjónustu sem framleidd er til endanlegra nota innan landsins á ákveðnu tímabili. Hafa verður í huga að ýmsir þættir geta hins vegar haft áhrif á landsframleiðsluna og mörg álitamál koma upp við útreikning hennar. Landsframleiðslan er því ekki einhlítur mælikvarði á efnahagslífið í heild. Vinna innan heimilisins kemur til að mynda ekki fram í landsframleiðslu né heldur kaup á vörum og þjónustu sem ekki er seld á markaði. Auk þess er ekki litið til þess hvort efnahagslífið leggi óhóflegar byrðar á umhverfi. Þá geta ýmsir þættir haft jákvæð áhrif á landsframleiðsluna og þar með hagvöxt til skamms tíma en neikvæð áhrif ef til lengri tíma er litið. Óhófleg skuldsetning þjóðarbúsins getur til að mynda leitt til samdráttar ef fjármagnið er nýtt í óarðbærar fjárfestingar, þrátt fyrir að landsframleiðsla myndi líklega aukast til skamms tíma. Aukning landsframleiðslunnar á því jafnan að vera langtímamarkmið.

Ef litið er til þróunar landsframleiðslunnar yfir lengri tíma er ljóst að nokkrir undirliggjandi þættir skýra stærstan hluta aukins hagvaxtar. Til að auka framleiðslu milli tímabila þarf fleiri starfsmenn eða meiri afköst hjá hverjum starfsmanni en áður. Hagvöxtur byggist því að stórum hluta á fólksfjölgun, tækniframförum, fjármagni og verkunnáttu. Ef einn af þessum þáttum vex ætti það að hafa jákvæð áhrif á landsframleiðsluna og þar af leiðandi hagvöxt.

Á síðustu áratugum hefur hagvöxtur á Íslandi aukist verulega eins og sjá má af mynd 1 og hefur vöxtur landsframleiðslunnar verið að meðaltali rúmlega 4% á ári frá 1950. Þá hafa einungis verið um fjögur samdráttarskeið sem hafa varað tiltölulega stutt.



Heimild: Hagstofa Íslands

Önnur leið sem oft er farin til að mæla hagvöxt er að skoða breytingar á þjóðarframleiðslu milli ára í stað landsframleiðslu. Helsti munurinn á landsframleiðslu og þjóðarframleiðslu er að landsframleiðsla mælir heildarverðmæti allrar vöru og þjónustu sem framleidd er innanlands en þjóðarframleiðsla er heildarverðmæti allrar vöru og þjónustu sem þjóð framleiðir á einu ári. Til að finna þjóðarframleiðslu þarf því að taka tillit til launagreiðslna, vaxtagreiðslna og arðs til og frá landinu. Þjóðarframleiðsla hefur verið nokkuð minni en landsframleiðsla á síðustu árum eða rétt um 95% af henni þar sem vaxtagreiðslur, arður og launagreiðslur frá landinu hafa verið hærra en sambærilegar greiðslur til landsins. Á síðustu árum hefur þetta bil milli þjóðarframleiðslu og landsframleiðslu verið að aukast enn frekar.

Spár greiningaraðila

Í Dreifibréfi BSRB í október 2006 voru teknar saman spár fjármálaráðuneytisins og þriggja viðskiptabanka fyrir helstu þjóðhagsstærðir á árinu 2006 og 2007. Þar mátti meðal annars finna spár um breytingar á helstu undirlíðum vergrar landsframleiðslu. Ekki er úr vegi að skoða hvort spár þeirra hafi gengið eftir og hvernig spár þeirra fyrir yfirstandandi ár líti út.

| Einkaneysla | Spá 2006 | | Spá 2007 | |
|-------------------|----------|--------|----------|--------|
| | 2006 | 2007 | 2006 | 2007 |
| Fjármálaráðuneyti | 4,00% | -1,80% | 4,60% | -0,10% |
| Kaupþing | 4,70% | -4,50% | 4,60% | 0,30% |
| Glitnir | 6,40% | -3,50% | 4,60% | -0,50% |
| Landsbanki | 6,10% | -4,30% | | |

Bráðabirgðartölur sýna að einkaneysla á árinu 2006 óx um 4,60% frá fyrra ári. Allir aðilar spáðu töluverðum vexti í einkaneyslu á árinu 2006 eins og sjá má af töflunni. Nokkuð mismunandi var þó hve miklum

vexti þeir spáðu en ljóst er að viðskiptabankarnir spáðu nokkuð meiri vexti en fjármálaráðuneytið fyrir árið 2006. Fyrri spár greiningaraðila gerðu ráð fyrir tiltölulega miklum samdrætti á einkaneyslu á árinu 2007 en í síðari spám þeirra gera þeir ráð fyrir mun minni samdrætti í einkaneyslu. Kaupþing sem spáði 4,50% samdrætti árið 2007 í spá sinni 2006 gerir nú ráð fyrir 0,30% vexti í einkaneyslu á árinu 2007. Landsbanki Íslands hefur ekki gefið út hagspá á árinu 2007 en von er á henni bráðlega.

| Samneysla | Spá 2006 | | Spá 2007 | |
|-------------------|----------|-------|----------|-------|
| | 2006 | 2007 | 2006 | 2007 |
| Fjármálaráðuneyti | 2,70% | 2,10% | 2,90% | 2,80% |
| Kaupþing | 3,00% | 2,50% | 2,90% | 2,50% |
| Glitnir | 3,00% | 3,10% | 2,90% | 3,00% |

Spár greiningaraðila um vöxt samneyslunnar á árinu 2006 eru í góðu samræmi við þær bráðabirgðatölur sem nú liggja fyrir. Spá greiningaraðila fyrir árið 2007 er lítið frábrugðin fyrri spá

þeirra en fjármálaráðuneytið gerir þó ráð fyrir nokkuð meiri vexti samneyslunnar nú en í spá 2006.

| Fjármunamyndun | Spá 2006 | | Spá 2007 | |
|-------------------|----------|---------|----------|---------|
| | 2006 | 2007 | 2006 | 2007 |
| Fjármálaráðuneyti | 8,30% | -21,60% | 13,00% | -24,10% |
| Kaupþing | 11,40% | -19,60% | 13,00% | -18,90% |
| Glitnir | 6,70% | -22,00% | 13,00% | -17,10% |
| Landsbanki | 8,00% | -23,30% | | |

Gert er ráð fyrir að vöxtur í fjármunamyndun sé um 13% á árinu 2006 en það er töluvert meiri vöxtur en greiningaraðilar gerðu ráð fyrir í spám sínum. Nokkuð mismunandi er hve mikinn samdrátt aðilar sjá í

fjármunamyndun á þessu ári en í fyrri spám þeirra gerðu þeir ráð fyrir um 20% – 23% samdrætti á árinu 2007. Í uppfærðum spám hafa viðskiptabankarnir dregið nokkuð úr þessu og gera þeir nú ráð fyrir 17% – 19% samdrætti en fjármálaráðuneytið gerir hins vegar ráð fyrir nokkuð meiri samdrætti í fjármunamyndun eða um 24% á árinu 2007.

| Hagvöxtur | Spá 2006 | | Spá 2007 | |
|-------------------|----------|--------|----------|-------|
| | 2006 | 2007 | 2006 | 2007 |
| Fjármálaráðuneyti | 4,20% | 1,10% | 2,60% | 0,90% |
| Kaupþing | 3,50% | -0,20% | 2,60% | 2,00% |
| Glitnir | 4,20% | 0,30% | 2,60% | 1,50% |
| Landsbanki | 3,20% | 1,30% | | |

Hagvöxtur var nokkuð minni á síðasta ári en gert hafði verið ráð fyrir í fyrri spám þar sem allir greiningaraðilar spáðu hagvexti yfir 3%. Bráðabirgðatölur gera ráð fyrir að hagvöxtur á síðasta ári hafi hins vegar verið um

2,60%. Í spám greiningaraðila fyrir árið 2007 er gert ráð fyrir heldur meiri hagvexti árið 2007 en áður var reiknað með og má segja að ef spárnar ganga eftir stefni í „mjúka lendingu“ hagkerfisins.

| Viðskiptajöfnuður | Spá 2006 | | Spá 2007 | |
|-------------------|----------|---------|----------|---------|
| | 2006 | 2007 | 2006 | 2007 |
| Fjármálaráðuneyti | -18,70% | -10,70% | -26,70% | -15,80% |
| Kaupþing | -17,90% | -8,60% | -26,70% | -16,40% |
| Glitnir | -16,80% | -6,80% | -26,70% | -15,60% |
| Landsbanki | -17,70% | -7,90% | | |

Segja má að spá greiningaraðila um viðskiptajöfnuð hafi verið hvað mest frábrugðnar bráðabirgðatölunum fyrir árið 2006. Í bráðabirgðatölum kemur fram að viðskiptahalli fyrir 2006 hafi verið um 26,70% af VLF en

greiningaraðilar gerðu ráð fyrir viðskiptahalla á bilinu 16,8% - 18,7% árið 2006. Þá er gert ráð fyrir að viðskiptahallinn muni ekki minnka eins hratt og áður var reiknað með en spáð er um 15,6% - 16,4% viðskiptahalla á þessu ári.

| Verðbólga | Spá 2006 | | Spá 2007 | |
|-------------------|----------|-------|----------|-------|
| | 2006 | 2007 | 2006 | 2007 |
| Fjármálaráðuneyti | 7,30% | 4,50% | 6,80% | 3,60% |
| Kaupþing | 6,90% | 5,40% | 6,80% | 4,40% |
| Glitnir | 7,10% | 5,60% | 6,90% | 3,70% |
| Landsbanki | 7,60% | 3,20% | | |

Verðbólguþáttur greiningaraðila fyrir árið 2006 voru nokkuð nærri raunveruleikanum fyrir árið 2006. Flestir gerðu þeir þó ráð fyrir ívið meiri verðbólgu en raun bar vitni. Þá hafa allir greiningaraðilar lækkað

verðbólguþáttur sínar fyrir árið 2007 og gera þeir nú ráð fyrir að verðbólga verði um 3,60% - 4,40% yfir árið 2007

Vottun jafnra launa

Í nóvember 2005 skipaði félagsmálaráðherra samráðshóp til að athuga hvort hægt væri að koma á sérstöku verkferli sem gæti vottað jöfn laun karla og kvenna hjá fyrirtækjum og stofnunum. Samráðshópurinn skilaði tillögum sínum í síðasta mánuði og er markmiðið með vottuninni að fá fyrirtæki til að vinna með markvissum hætti að launajafnrétti kynjanna. Samráðshópurinn leggur meðal annars til að sérstakur aðili sjái um vottunina en framkvæmdin verði samvinnuverkefni fulltrúa frá Háskóla Íslands, Háskólanum á Bifröst og Háskólanum í Reykjavík. Samkvæmt tillögum verður vottunarnefnd starfandi í hverju fyrirtæki og þau munu skipa sinn fulltrúa í nefndirnar.

Vottunin gildir einungis í takmarkaðan tíma og hefur þann tilgang að gefa sem raunhæfasta mynd af launajafnrétti kynjanna innan einstakra fyrirtækja á hverjum tíma. Laun eru

síbreytileg og því þarf að endurmeta stöðu mála reglulega. Reglubundið endurmat er mun einfaldara í sniðum en frumvottunin.

Öll fyrirtæki, bæði á vegum opinberra aðila og einkaaðila, geta sótt um vottun og verða stærstu einkafyrirtækin og opinberar stofnanir sérstaklega hvött til þátttöku. Helsti hvati fyrirtækja til þátttöku er bætt ímynd sem vottunin mun hafa í för með sér og er vonast til að fólk vilji frekar vinna hjá þeim fyrirtækjum sem hana hafa.

Ekki eru til fyrirmyndir erlendis frá um aðferð sem þessa til að ná fram launajafnrétti kynjanna. Hér er því um að ræða frumraun á þessu sviði og verður athyglisvert að sjá hvernig hún mun reynast. Nú þegar hafa nokkur fyrirtæki sóst eftir vottun og vonandi bætast sem flest í hópinn áður en langur tími líður.

Nefnd um skattamál

16. febrúar 2006 skipaði fjármálaráðherra nefnd sem var falið það verkefni að skoða skattkerfið í þeim tilgangi að varpa ljósi á þá þætti sem gerðu Ísland samkeppnishæft og skilvirkt. Aðalviðfangsefni nefndarinnar var tekjuskattur einstaklinga og fyrirtækja en aðrir þættir skattkerfisins voru einnig skoðaðir. BSRB á fulltrúa í þessari nefnd en reiknað er með að hún skili skýrslu á allra næstu dögum

Skýrsla starfshóps um málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði

Starfshópur fulltrúa stjórnvalda og samtaka aðila vinnumarkaðarins um málefni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði, sem skipaður var í júní 2006, hefur nú lokið störfum. Starfshópurinn skilaði skýrslu með tillögum til félagsmálaráðherra 26. apríl 2007 og er hægt að nálgast hana á skrifstofu BSRB. Erna Guðmundsdóttir lögfræðingur sat í starfshópnum fyrir hönd BSRB